

75. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd 10. nóvember 2005, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson , Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Dagný Þórisdóttir, Helgi Haraldsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá :

1. Beiðni frá Haraldi Sigurðssyni Bókhöðustíg 10, um að staðsetja bílskúr neðar í lóð en samþykkt er, sbr. teikningar dags. 12.08.'05. Erindi var áður frestað.
Nefndin telur ekki ástæðu fyrir að breyta fyrri samþykktum.
2. Flutningur á Jaðri við Aðalgötu 17, yfir á Laufásveg nr. 6, samkv. teikn. frá Verkfræðistofu EK. okt. 2005.
Samþykkt. Þorgrímur Kristinsson sat hjá.
3. Ingveldur P. Ingólfssdóttir sækir um leyfi til að byggja bílskúr að Áskinn 1, sbr. samþykktar teikningar frá 1981, samtals 37,8 m², 119,0 m³.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3.000.-
4. Jon Nordsteinen , fyrir hönd eigenda, sækir um leyfi til að breyta Hafnargötu 9 , úr geymsluhúsnæði í skrifstofuhúsnæði og setja útitróppur við aðaldyr á austurgafli og pall út frá 2. hæð að sunnanverðu , sbr. teikn. frá arkitektum Ólöf og Jon ehf., dags 4.11. '05.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
5. Rakel Olsen sækir um endurbætur á Frúarhúsi í upprunalegt horf samkvæmt tillöguteikningum frá Ólöf og Jon, dags. október '05.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-
6. Lagðar fram deiliskipulagstillögur í Tjarnarhólma.
Taka verður tillit til mögulegrar stækkunar leikskóla, og að götur verði ekki beggja megin við íbúðarhúsin í Tjarnarásnum.
7. Baldur Þorleifsson sækir um stöðuleyfi á flutningshúsi við Nesveg 18 . Húsið var áður við Lindargötu 42 í Reykjavík.
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 6000.-
8. Lögð fram dagskrá vegna 20 ára afmælis félags byggingarfulltúa þann 17. nóvember n.k.
Erindi lagt fram.

9. Ægir Jóhannsson sækir um leyfi til að byggja við húsið að Skólastíg nr. 18, sbr. teikningar frá Verkræðistofu EK dags. okt. 2005.
Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir íbúum að Skólastíg 13,16,17og 18a, Bókhöðustíg 1 og Silfur götu 23.

11. Emil Þór Guðbjörnsson sækir um þrjár lóðir við Nesveg undir raðhús, iðnaðarhús og verslunarhús. Vísað til skipulags- og byggingarnefndar af bæjarráði sem leggur jafnframt til að umrætt svæði verði deiliskipulagt.
Nefndin telur jákvætt að svæðið verði deiliskipulagt.

12. Baldur Þorleifsson sækir um eina af eftirfarandi lóðum undir flutningashús: Reit A, við Hafnargötu, reit C við Hafnargötu, reit I við Aðalgötu og reit G við Þverveg . Erindi var vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar, til umsagnar um húsagerð.
Umrætt flutningshús er í samræmi við skilmála um húsagerðir í deiliskipulagi miðbæjar.

Fleira var ekki rætt. Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundi slitið kl. 19:35.

Gretar D. Pálsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Dagný Þórisdóttir (sign)
Helgi Haraldsson (sign)
Þorbergur Bæringsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsd